


Ólafur Sigurðsson



Niðjatal

Sigurðar Ólafssonar

bónda á Sandi í Kjós

f. 13. júlí 1816

og

Agötu Guðmundsdóttur

f. 14. júlí 1811

4 ætliðir

Drög

Formáli

Með þessu skjali er farið einum ættlið aftur en áður var gert með niðjatali **Bjarna Sigurðssonar** og **Vigdísar Sigurðardóttur**, langafa og langömmu minnar. Þeir sem þar eru merktir 3a, 3b, þ.e. mín kynslóð, eru fjórmenningar við þá sem merktir eru 4a, 4b í þessu niðjatali.

Ekki er hægt að styðast við Íslendingabók í sama mæli við þetta niðjatal, þar sem flettingar í Íslendingabók takmarkast við 3 ættliði aftur og því verður að leita í útgefnar ættfræðibækur og rafræn gögn á netinu eins og manntöl og kirkjubækur.

Því er viðbúið er töluvert vanti enn í og skjalið merkt sem drög.

Þau gögn sem hér birtast eru:

- niðjar (**feitiletrað letur**)
- makar niðja (**feitiletrað letur**)
- tengdaforeldrar niðja (*hallandi letur*)

Um sérhvern einstakling er skráð:

- nafn, fæðingardagur, fæðingarstaður, dánardagur
- starfsheiti og hvar viðkomandi býr
- hvar heimildir er að finna um viðkomandi [innan hornklofa]
- hjúskaparstaða: ~Gi (gift), ~Gs (skilin), ~Kv (kvæntur), ~Ks (skilinn), ~Sb (sambúð), ~Ss (sambúð slitið), ~Bf (barnsfaðir), ~Bm (barnsmóðir), ~ (óþekkt).
- dagsetning hjónabands

Nú er það svo að gögn eins og þessi geta aldrei verið að öllu leyti rétt. Oft vantar gögn, stundum slæðast inn meinlegar villur og allt þar á milli. Því vil ég biðja þá sem eitthvað finna eitthvað athugavert að senda mér póst (o.sig@simnet.is) og ég mun leiðrétta upplýsingarnar strax í mínum gagnagrunni og síðan koma þær réttar í næstu útskrift á netinu. Ef um meinlegar villur er að ræða, laga ég þær að sjálfsgöðu strax á netinu líka.

Öll útgefin niðjatöl mín eru á: www.olisig.is/aettfraedi/nidjatol.html

Ólafur Sig.

Niðjatal (4 ættliðir): Sigurður Ólafsson bóndi á Sandi í Kjós og Agata Guðmundsdóttir

Sigurður Ólafsson, f. 13. júlí 1816 á Þorlákstöðum, bóndi á Sandi í Kjós, d. 29. nóv. 1901 á Brimilsvöllum [Kmenn261]. For: **Ólafur Bjarnason**, f. 4. júní 1786, bóndi í Flekkudal í Kjós, d. 23. des. 1857 [Kmenn268] og **Vigdís Guðmundsdóttir**, f. mars 1790, húsm. í Flekkudal, d. 11. nóv. 1820.

~ Kv 3. okt. 1849 **Agatha Guðmundsdóttir**, f. 14. júlí 1811 á Sandi, húsm. á Sandi, d. 26. nóv. 1878. For.: *Guðmundur Eyjólfsson*, f. 22. nóv. 1779, bóndi á Sandi í Kjós, d. 15. maí 1862 og *Kristrún Guðmundsdóttir*, f. 5. okt. 1787, húsm. á Sandi, d. 9. jan. 1870.

a Vigdís Sigurðardóttir

b Guðmundur Sigurðsson

1a **Vigdís Sigurðardóttir**, f. 9. ág. 1850 á Sandi í Kjós, húsm. á Hofi og Brimilsvöllum, d. 29. ág. 1936.

~ Gi 9. nóv. 1883 **Bjarni Sigurðsson**, f. 12. ág. 1853 í Þerney á Kollafirði, bóndi á Hofi Kjalarnesi, s. Brimilsvöllum, d. 29. maí 1924 á Brimilsvöllum [ÍÆvi63;Hem]. For.: *Sigurður Tómasson*, f. 5. júní 1818 á Brennistöðum, bóndi og formaður í Þerney á Kollafirði, d. 19. okt. 1862 og *Guðrún Sigríður Þorsteinsdóttir*, f. 27. júlí 1822 á Stokkahlöðum, húsm. í Þerney, d. 8. apríl 1894.

Sjá Niðjatalið: **“Bjarni Sigurðsson, bóndi á Hofi, síðar á Brimilsvöllum”**

1b **Guðmundur Sigurðsson**, f. 21. okt. 1851, vinnumaður á Sandi í Kjós til 1882.

1c **Stúlka Sigurðardóttir**, f. 13. júlí 1855, d. 13. júlí 1855

Niðjatal (4 ættliðir): Sigurður Ólafsson bóndi á Sandi í Kjós og Agata Guðmundsdóttir

Heimildaskrá

HEM	Hver er maðurinn I-II	Brynjólfur Tobiasson	Bókaforlag Fagurskinna	1944
ÍÆ	Íslenskar æviskrár I-V; Frá landnáms tímum til ársloka 1940/1963	Páll Eggert Ólafsson	Hið íslenska bókmenntafélag	1948-1976
Kmenn	Kjósarmenn; æviskrár ásamt sveitarlýsingu	Ellert Eggertsson	Átthagafélag Kjósverja	1961